



## Trúnaðarmannaráð Sameykis

<b>Dags:</b> 11.09.2019	<b>Kl.</b> 13:30	<b>Staður:</b> Gullhamrar
<b>Fundarboðari:</b> KEA	<b>Fundarritari:</b> ISF	

### 1. Ávarp formanns – Árni Stefán

Árni Stefán setti fundinn og fór yfir dagskrá fundarins.

Hann kynnti ályktun um kjarasamningsviðræður þar sem skorað er á samninganefndir Sameykis að endurmeta stöðuna í viðræðum. Ályktunin verður rædd og borin upp til samþykktar síðar á fundinum.

### 2. Kosning í fulltrúaráð, framboð og fyrirkomulag – Árni Stefán

Árni kynnti tillögu uppstillingarnefndar að fulltrúaráði Sameykis 2019-2021 og fór yfir reglur um kosningu í fulltrúaráðið. Dreifing fulltrúa er eftir landshlutum og samningseiningum. Trúnaðarmenn á fundinum geta boðið sig fram til fulltrúaráðs gegn tillögu uppstillingarnefndar. Engin mótframboð bárust á fundinum og er því tillaga uppstillingarnefndar samþykkt.

### 3. Kynning á nýjum vef Sameykis – Jóhanna Þórdórsdóttir

Jóhanna sýndi heimasíðu Sameykis og kynnti „mínar síður“. Hún benti á að heimasíðan verður aldrei fullsmíðuð og bað félagsmenn að koma með ábendingar um allt sem betur má fara.

### 4. Fræðslustarfið í vetur – Jóhanna Þórdórsdóttir

Jóhanna hvatti nýja trúnaðarmenn til að nýta sér fræðslu fyrir trúnaðarmenn. Haustönnin er skipulögð og aðaláherslan er á nýliðafræðslu og fyrsta áfanga trúnaðarmannafræðslunnar. Jóhanna benti á að trúnaðarmenn eigi rétt á námskeiðunum og rétt er að sækja þau í samráði við yfirmenn. Rætt um ferðakostnað trúnaðarmanna og að umsóknir um hann verða rafrænar.

### 5. Kjaramálin – Garðar Hilmarsson

Garðar fór yfir stöðuna í kjaraviðræðum. Kjarasamningar hafa verið lausir frá 1. janúar eða 1. apríl sl. Margir boltar eru á lofti, Sameyki gerir 18 samninga, við ríkið, Reykjavíkurborg og 15 aðra samningsaðila. BSRB var falið að leiða ákveðin mál gagnvart ríki, borg og sveitarfélögum:

- Stytting vinnuvikunnar. Tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar síðustu ár hefur þótt takast vel en lauk nú í ágúst, áður en samningar náðust.
- Lífeyrismálin, að koma inn í alla samninga að launþegi hafi rétt til að velja hvaða lífeyrissjóð hann greiðir í.
- Bann við mismunun á grundvelli aldurs, tilskipun frá ESB en gildistöku hefur verið frestað til að bíða eftir kjarasamningum. Orlofsdagar eru nú mismunandi eftir lífaldri.

- d) Starfsumhverfi, skil milli vinnu og einkalífs (tölvupóstur, farsímar )
- e) Starfsumhverfi, „sænsku reglurnar“ – vinnuálag, vinnutími, ótilhlýðileg hegðun
- f) Jöfnun launa milli markaða – Árni er fulltrúi BSRB í nefnd sem ræðir jöfnun launa. Erfitt að fara inn í 4 ára kjarasamning án þess að leysa þetta.
- g) Launaþróunartrygging – var líka í síðustu kjarasamningum og skilaði sér inn.

Fyrir utan málefnið sem BSRB fjallar um þá eru ýmis málefni, eins og launaliðir, framlög í sjóði og Starfsmennt og fleira sem Sameyki er með á sínu borði.

Árni benti á að friðarskylda var til 15. september og sá dagur er stutt undan. Árni bauð fundarmönnum að segja álit sitt á næstu skrefum Sameykis í kjaraviðræðum, t.d. hvenær á að vísa viðræðum til ríkissáttasemjara. Þeir sem tóku til máls nefndu að fólk væri orðið óþreyjufullt og vill fara í verkfall, vísa eigi viðræðum strax til Ríkissáttasemjara, gagnrýna eigi Reykjavíkurborg harðlega fyrir að framlengja ekki styttingu vinnuvikunnar fram yfir samninga

## 6. Kosning í fulltrúaráð – Árni Stefán

Ekki þarf að kjósa því tillaga uppstillingarnefndar var samþykkt fyrir á fundinum.

## 7. Kaffi

Eftir kaffi:

Árni las upp tillögu að breyttri ályktun trúnaðarmannaráðs.

### *Trúnaðarmannaráð Sameykis*

**11.09.2019**

***Trúnaðarmannaráð Sameykis – stéttarfélags í almannajónustu ályktar eftirfarandi:***

***Kjarasamningsviðræður milli samninganefnda Sameykis og samninganefnda ríkisins, Reykjavíkurborgar og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa staðið yfir meira og minna í hálf t. ár. Árangur af þeim viðræðum hefur sýnilega verið enginn og telur ráðið að það sé óverjandi að halda viðræðunum áfram á þessum nótum. Trúnaðarmannaráði Sameykis er fullkomlega misboðið að ríki, Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga skuli bjóða okkur upp á hægagang af þessu tagi í eins mikilvægu verkefni og kjarasamningar eru.***

***Ráðið minnir á að fyrir sumarorlof var viðræðuáætlun milli aðila framlengd. Í henni kom fram að friðarskylda skyldi standa til 15. september og þá með þeim ásetningu að klára samninga fyrir þann tíma. Nú er nokkuð ljóst að það mun ekki takast og samningaviðræðurnar eru í algjörum ólestri.***

***Trúnaðarmannaráð beinir því til samninganefndar Sameykis að það verði að hugsa samningsviðræðurnar upp á nýtt og gera ráðstafanir ef ekkert markvert kemur fram í viðræðunum fyrir 15. september næstkomandi.***

Árni bar ályktunina upp til samþykktar og var hún samþykkt með öllum atkvæðum nema einu.

## 8. Kynning á launakönnun Gallup

Tómas Bjarnason fór yfir niðurstöður launakönnunar síðan í vor.

## 9. Önnur mál

Næsti fundur fulltrúaráðs er skipulagður 16. október.

**Fundi slitið kl. 15:50**